

Morgunblaðið, 08.03.2025, síðu 53.
grein stærð: 90.34 sm2
grein hæð: 8.75 sm

Heiðra alþjóðlegan baráttudag kvenna

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir sérstakri dagskrá í tengslum við alþjóðlegan baráttudag kvenna í dag, laugardaginn 8. mars. Af því tilefni verður til að mynda sýningin *List er okkar eina von!* opnuð í Hafnarhúsi klukkan 15. Segir í tilkynningu að sýningin státi af nýjum aðföngum, innkaupum og gjöfum, eftir núlifandi konur. Þar megi sjá verk kvenna á öllum aldri, unnin í ýmsa miðla og með tilvísanir í ólík viðfangsefni. „Sýnd eru verk úr veglegri gjöf Gjörningaklúbbsins til safnsins, auk verka sem hafa verið keypt á síðustu fimm árum.“ Þá ber einnig að nefna málþing í tengslum við samsýninguna *Ólga: Frumkvæði kvenna í íslenskri myndlist á 9. áratugnum* sem verður haldið í dag milli klukkan 12 og 14 á Kjarvalsstöðum. Skipuleggjandi og fundarstjóri er dr. Æsa Sigurjónsdóttir en erindi flytja þær Becky Forsythe, Heiða Björg Árnadóttir, Gerla – Guðrún Erla Geirsdóttir, Harpa Björnsdóttir og Brynhildur Þorgeirsdóttir.



List er okkar eina von! Gjörningur Katrínar Ingu.